

Það athugist, að framangreind tollundanþága nær ekki til áfengis- og tóbaksvara fram yfir það magn, sem heimilt er að flytja til landsins tollfrjálst í samræmi við reglur, sem gilda fyrir ferðamenn.

Framangreind ákvæði gilda jafnt þó innflutningurinn sé fluttur til landsins á annan hátt en farþegafarangur.

Fjármálaráðuneytið, 20. júní 1968.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

Nr. 162.

2. júlí 1968.

AUGLÝSING

um hámarkshraða á Reykjanesbraut.

Ákvæði auglýsingar nr. 108 16. júní 1966 um hámarkshraða á Reykjanesbraut breytist þannig frá 5. júlí 1968, að hámarkshraði ökutækja, annarra en bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 70 km á klst.

Að öðru leyti haldast ákvæði auglýsingar nr. 108/1966 óbreytt.

Frá sama tíma fellur úr gildi c liður 9. gr. reglugerðar nr. 4 6. janúar 1968 um umferðarbann, lækkun hámarkshraða o. fl. í sambandi við gildistöku hægri umferðar.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og 16. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. júlí 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 163.

9. júlí 1968.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968:

Stöðumælar verði settir upp í Lækjargötu að austanverðu:

- a. í útskot norðan Bókhlöðustígs,
- b. í útskot sunnan Bókhlöðustígs.

Gjald verði 1 kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 9. júlí 1968.

Sigurjón Sigurðsson.